

EGGrún

NÝ FÓÐURLÍNA FYRIR UNGA OG VARPFUGLA



Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

EGGrún

NÝ FÓÐURLÍNA FYRIR UNGA OG VARPFUGLA



Bústólpi kynir **EGGrúnu**, heilfóðurlínu fyrir unga og varpfugla. Fóðrið er sérstaklega samsett til þess að tryggja góða meltingu og þar með góða fóðurnýtingu. Ungafóðrið hentar hænsnum sem eru alin til kjöts eða varps, andarungum, gæsarungum eða jafnvel kalkúnum. Með því að fódra unga og varpfugla á heilfóðri tryggir þú góða og örugga næringu í hverjum bita.

UNGI 1

Fyrir unga á fyrstu vikum vaxtar og þroska. Prótein- og orkuríkt fóður samsett til að uppfylla allar næringar-, steinefna- og vítamínþarfir unganna á fyrstu vikunum. Það er einnig viðbætt lífsnauðsynlegum aminosýrum og ensímum sem bæta meltingu og fóðurnýtingu.

Fóðrið er hægt að nýta fyrir eldri fugla en séu þeir farnir að verpa þarf að bæta við kalki í dagskammtinn.

Inniheldur 20% prótein.

Notkun

- Varpkjúklingar: Frjáls aðgangur frá fyrsta degi til 7 vikna aldurs, þá er hægt að skipta yfir í Unga 2. Heildarmagn á fyrstu 7 vikunum er um 1,3 kg á unga.
- Kjörtkjúklingar: Frjáls aðgangur frá fyrsta degi til 2 vikna aldurs.
- Gæsar- og andarungar: Frjáls aðgangur fyrstu vikuna.
- Kalkúnar: Frá fyrsta degi fram til fjórðu viku.

UNGI 2

Fyrir unga á mismunandi skeiðum vaxtar og þroska. Fóðrið inniheldur hæfilegt magn próteins og orku fyrir heilbrigða unga. Það er sérstaklega steinefna- og vítamínbætt og inniheldur einnig lífsnauðsynlegar aminosýrur og ensím sem bæta meltingu og fóðurnýtingu.

Fóðrið er hægt að nýta fyrir eldri fugla en séu þeir farnir að verpa þarf að bæta við kalki í dagskammtinn.

Inniheldur 15.6% prótein.

Notkun

- Varpkjúklingar: Frjáls aðgangur frá 6 vikna aldri fram að varpi eða 16-18 vikna aldri. Þá er ráðlagt að skipta yfir í Varp 1.
- Kjörtjúklingar: Frjáls aðgangur frá þriðju viku fram að slátrun.
- Gæsar- og andarungar: Frjáls aðgangur frá annarri viku fram að slátrun eða varpi.
- Kalkúnn: Frá fjórðu viku fram að slátrun.

VARP 1

Fyrir varpfugla frá 16 vikna aldri eða frá því að varp hefst. Fóðrið er sérstaklega samsett til þess að uppfylla þarfir fugla til eggjaframleiðslu. Það inniheldur hæfilegt magn próteins og orku auk þess sem það er sérstaklega steinefna- og vítamínbætt. Fóðrið inniheldur lífsnauðsynlegar aminosýrur fyrir varpfugla ásamt viðbættum ensímum sem bæta meltinguna, fódurnýtinguna og stuðla að heilbrigðum og hraustum fuglum. Fóðrið inniheldur einnig sérstaka hrávörusamsetningu sem gefur fallega rauðu í eggin.

Inniheldur 16% prótein.

Notkun

- Varphænur: Frjáls aðgangur frá 16 vikna aldri. Reikna má með að hænur éti um 130 g á dag.
- Verpandi gæsir og endur: Frá 16 vikna aldri.

Fóðrið er fánlegt kögglað eða kurlað.

VARP 2

Fyrir gamlar varphænur frá 40 vikna aldri. Fóðrið inniheldur hæfilegt magn próteins og orku og er sérstaklega



steinefna- og vítamínbætt. Fóðrið inniheldur lífsnauðsynlegar aminosýrur fyrir varpfugla ásamt viðbættum ensímum sem bæta meltinguna, fódurnýtinguna og stuðla að heilbrigðum og hraustum fuglum. Fóðrið inniheldur einnig sérstaka hrávörusamsetningu sem gefur fallega rauðu í eggin.

Inniheldur 15.9% prótein.

Notkun

- Varphænur: Frjáls aðgangur frá 40 vikna aldri. Reikna má með að hænur éti um 130 gr á dag.

Fóðrið er einungis framleitt kurlað.

SKELJASANDUR

Varphænur ættu að hafa aðgang að skeljasandi sem eykur kalkupptöku. Hann uppfyllir einnig þörf þeirra fyrir rykbað sem er náttúrulegt atferli og stuðlar að velferð.



HVAÐ SEGJA EGGIN OKKUR?

Ef eggin eru gölluð er líklega eitthvað að í fóðri eða umhverfi sem hægt er að laga með því að vanda betur til verka.

Hvítur hringur

Líklega voru tvö egg að myndast á sama tíma sem truflaði eðlilega eggmyndun. Líklega er um streitu eða álag á hópnunum að ræða til dæmis of mikið ljós þegar hvetja á hænur til varps í skammdeginu.

Blóð á eggji

Þetta gerist helst hjá ungum hænum sem eru að byrja að verpa eða hjá of feitum hænum. Ástæðurnar geta verið að aðrar hænur séu að gogga aftan í þær (kannibalismi), of mikil aukning á ljósi yfir skammdegið eða offóðrun á ákveðnum tímabilum.

Þykk skurn á hluta eggss eða jafnvel sprungin skurn

Þetta gerist ef það kemur sprunga á eggjaskurnina þegar eggjið er ennþá að myndast í hænunni. Það þarf að laga það áður en hún verpir því. Ástæðan fyrir þessu er streita t.d. ef þeim bregður eða ef þær eru truflaðar eða hræddar á þeim tíma sem skurnin er að myndast (síðdegis eða um kvöld). Þetta gerist frekar hjá eldri hænum en yngri.

Óeðlileg lögun

Ef eggin eru skrítin í laginu getur verið um sjúkdóma að ræða eða einfaldlega of mikið álag t.d. vegna þess að hænurnar eru of margar saman á of litlu svæði og aðgengi að fóðri og vatni er ekki jafngott fyrir allar.

Kalkútfellingar á eggjaskurn eða blettir á eggjaskurn

Þetta er líklega vegna rangrar fóðrunar og þá oftast tengt kalki. Það er líklega of mikið af kalki í fóðrinu.

Skurnlaus egg

Eggjið virðist vera eðlilegt fyrir utan það að skurnina vantar. Þetta getur gerst ef það er mikið álag á hænunum eins og streita sem veldur því að hæna verpir áður en skelin er tilbúin, óþægilega heitt umhverfi, vanfóðrun eða varp þegar hæna er að fella fjaðrir og á að vera í hvíld frá varpi.

Blóðblettur á rauðu

Þegar það er sýnilegt blóð við rauðuna getur það verið vegna rangrar fóðrunar eða vítamínskorts, mikils álags vegna hræðslu eða truflunar eða að hænurnar hafi haft of mikið ljós yfir nóttina.




6 MIKILVÆG TÍMABIL

Fyrstu vikurnar: Það er mikilvægt að vanda vel til verka þegar fóðra á ungvíði og eru fuglar engin undantekning frá því. Ungarnir þurfa próteinríkt fóður sem er vel samsett af lífsnauðsynlegum amínósýrum og vítamínum sem tryggja góðan vöxt og þroska. Ungarnir eru viðkvæmir og þurfa því gott aðgengi að fóðri. Heilfóður, sem tryggir öll næringarefni í hverjum bita, auðveldar uppeldið.

Ungfuglar: Þegar fuglarnir eru um 6 vikna sjást verulegar breytingar á vexti og þroska. Þeim fara að vaxa fjaðrir og við greinum svokallaða goggunarröð innan hópsins. Þegar þeir eru á bilinu 7 til 15 vikna fer að sjást greinilegur munur á kynjunum. Á þessum aldri er mikilvægt að tryggja gott aðgengi að fóðri sem er rétt samsett fyrir góðan vöxt og þroska. Það þarf að vera próteinríkt en það má t.d. ekki vera jafn kalkríkt og fyrir varpfugla því offóðrun á kalki á þessu tímabili hefur neikvæð áhrif á vöxt.

Undirbúningur fyrir varp: Þegar ungararnir eru 16-17 vikna fer að styttest í varpið. Þá þarf að undirbúa varpkassa fyrir hænur og hreiður fyrir endur. Einnig er gott að byrja að bjóða varpfóður með ungarfóðrinu svo fóðurbreytingin verði þægileg og ekki komi bakslag í þroska. Varpfóðrið er með ögn minna próteini en mun meira kalki en ungarfóðrið. Það er ágætt að miða við a.m.k. 5 daga þar sem hluti varpfóðursins í dagskammtinum stækkar jafnt og þétt.

Varpið hefst: Við 18 vikna aldur byrja flestar hænur og endur að verpa. Þá er gott að þær séu farnar að éta vel af varpfóðrinu sem styður sérstaklega við varpið og tryggir sterka skurn og fallega rauðu. Á þessum tíma hefur varpfóðrið tekið alveg yfir og ungarfóðrið vikið. Gæsir byrja yfirleitt að verpa seinna en þær verpa helst á vorin og inn í sumarið en taka sér svo góða hvíld frá varpinu yfir veturinn.



18 mánaða að fella fjaðrir: Það er eðlilegt að hænur felli fjaðrir árlega. Venjulega gerist það á haustin þegar daga tekur að stytta og í fyrsta skipti þegar þær eru um 18 mánaða gamlar. Þegar þær eru að fella fjaðrirnar gera þær hlé á varpinu. Á þessum tíma er ágætt að bjóða þeim próteinríkara fóður því framleiðsla á nýjum fjöðrum er próteinfrek. Þá er hægt að nýta Unga 1 enda eru þær ekki að verpa og þurfa því ekki eins mikið kalk. Þegar þær byrja aftur að verpa er skipt yfir í Varp 1.

Gamlar hænur og endur: Eftir því sem kvenfuglarnir eldast dregur úr eggjaframleiðslunni þangað til þær hætta alveg að verpa. Aukið prótein í fóðrinu getur hjálpað gömlum kvenfuglum að nærast betur. Þær þurfa ekki eins mikið kalk og er í varpfóðrinu svo að ungarfóður á betur við fyrir þær.

6 EINKENNI HAMINGJUSAMRAR OG HEILBRIGÐRAR HÆNU

Skær rauður og fallegur kambur

Kamburinn er breytilegur og fer eftir líkamsástandi. Kamburinn verður dekkri þegar hænur byrja að verpa. Á þeim tímabilum þegar þær fella fjaðrir eða hætta að verpa verður kamburinn ljósari og jafnvel aðeins minni. Skær rauður og hraustlegur kambur er því merki þess að hænán sé vel fóðruð og verpi reglulega.

Glansandi fjaðrir

Heilbrigðar fjaðrir hafa eins konar gljáa sem gefur hænum slétt yfirbragð, þær eru ekki reyttar í útliti. Fóðrið þarf að innihalda um 16% prótein til þess að tryggja góðar og fallegar fjaðrir. Árlega fella hænur fjaðrir og þá er eðlilegt að þær séu ekki alveg eins gljáandi en það getur verið gott að bjóða aðeins próteinríkara fóður á þeim tíma til þess að tryggja góðan endurvöxt.

Orkuríkar hænur, virkar og frísklegar

Heilbrigðar hænur eru félagslyndar og forvitnar, þær eiga að hreyfa sig um og sýna umhverfi sínu athygli með reistan haus. Hænur sem hreyfa sig lítið, hafa hangandi haus og sýnast þunglyndar eru að láta vita að þeim líði ekki vel.

Regluleg eggjaframleiðsla


Það er mismunandi eftir tegundum hversu mikil eggjaframleiðslan er. Tegundir sem eru sérstaklega ræktaðar til eggjaframleiðslu verpa um 5-6 eggjum á viku, mest fyrsta árið sem þær verpa en svo hægist á eftir því sem hænán eldist. Hænur sem eru rétt fóðraðar geta haldið reglulegri eggjaframleiðslu.

Sterk eggjaskurn

Sterk skurn er um 0,3 mm á þykkt. Hlutverk hennar er að varðveita innihaldið og halda bakteríum fyrir utan eggð. Sterk skurn brotnar gjarnan í frekar beinum línum. Sterk skurn segir okkur að hæurnar séu heilbrigðar, vel fóðraðar og að þær séu að fá nóg kalk.

Dökk, gyllt eggjarauða

Fóðrunin hefur mikið að segja um litinn á rauðunni. Náttúrulega litarefnið Xanthophylls, sem er að finna í plöntum og gulu korni, ræður litnum. Auðvelt er að hafa áhrif á lit eggjarauðunnar með því að tryggja hænum aðgengi að vel samsettu fóðri þar sem þær fá jafna og góða næringu í hverjum bita.



BÚSTÓLPI EHF - FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Oddeyartanga • 600 Akureyri • bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is